



Ársskýrsla Umdæmisstjóra 109A starfsárið 2018-2019

Inngangur

Tíminn flýgur – það eru orð að sönnu og enn hraðar finnst manni hann líða, ef það er gaman. Það hefur verið gaman á þessu starfsári og ótrúlegt að það séu aðeins rúmir tveir mánuðir eftir. Það er í raun stuttur tími, en drjúgur ef vel er að verið og víst er að við Lionsfélagar eigum ýmis verkefni óunnin áður en nýtt starfsár gengur í garð með öllum sínum tækifærum og áskorunum.

Árin þrjú frá því að ég var kosin 2. vara umdæmisstjóri, hafa verið einstaklega lærdómsrík og gefandi fyrir mig og mikil reynsla bæst í farteskið.

Það eru mikil forréttindi að fá að starfa í forystu Lions og ég hvet Lionsfélaga til að gefa kost á sér til leiðtogastarfa fyrir hreyfinguna. Með mér í umdæmisstjórninni eru Jóhanna Thorsteinson, 1. vara umdæmisstjóri og Jónas Yngvi Ásgrímsson, 2. vara umdæmisstjóri. Sú breyting, sem gerð var fyrir nokkrum árum á þann veg að umdæmisstjóri og vara umdæmisstjórar skipti á milli sín að heimsækja klúbbana í umdæminu hefur sannað gildi sitt. Fyrir utan kosti þess, hvað tíma varðar, að dreifa heimsóknum á 3 ár þá er mjög dýrmætt að hafa fengið innsýn í fjölbreytt starf klúbbanna í gegnum klúbbaheimsóknir, þegar kemur að sjálfu umdæmisstjóra-árinu.

Látnir félagar

Ég vil nú minnst þeirra féлага okkar sem látist hafa frá því á síðasta þingi og mér er kunnugt um:

Arnrún Antonsdóttir	Lkl. Seyla
Guðmundur Ingi Benediktsson	Lkl. Fjölnir
Hreinn Eiríksson	Lkl. Hornafjarðar
Stefnir Helgason	Lkl. Kópavogs
Steinar Petersen	Lkl. Njörður
Sveinn Snorrason	Lkl. Njörður
Sverrir Scheving Thorsteinson	Lkl. Hornafjarðar
Tómas Jens Pálsson	Lkl. Suðri
Úlfar Eysteinnsson	Lkl. Njörður
Ögmundur Ólafsson	kl. Suðri

Ef mér hefur sést yfir að minnst einhverra látinna féлага, til viðbótar þeim sem hér eru nefndir, biðst ég velvirðingar á því.

Við kveðjum þessa féлага með söknuði og þakklæti fyrir þeirra óeigingjarna starf í nafni Lionshreyfingarinnar. Við færum fjölskyldum þeirra og vinum samúðarkveðjur og ég vil biðja viðstadda að rísa úr sætum og votta hinum látnu félögum okkar virðingu með stuttri þögn. Þakka ykkur fyrir.



Umdæmis- og fjölumdæmisþingin 2018

Síðasta þing var haldið á Ásbrú í Reykjanesbæ, 20. - 21. apríl 2018. Það voru klúbbarnir á svæði 5, þ.e. Suðurnesjaklúbbarnir, sem héldu þingið og var það mál manna að vel hefði tekist til, nema hvað veðrið tók upp á því að bregða á leik í þann mund sem skruðgangan var að hefjast og muna menn vart annan eins úrhelli. Lionsfélagar létu þó ekki grenjandi rigningu og rok slá sig út af laginu og gengu fylktu liði til þingsetningar.

Á fjölumdæmisþinginu voru samþykkt ný lög fyrir Rauðu fjöðrina og jafnframt samþykkt að haldin skyldi Rauðu fjaðrar söfnun dagana 5.-7. apríl 2019.

Á þinginu var undirrituð kosin umdæmisstjóri 109A, Jóhanna Thorsteinson, Lkl. Eir, 1. vara umdæmisstjóri og Jónas Yngvi Ásgrímsson, Lkl. Dynki, 2. vara umdæmisstjóri. Í B-umdæminu var Sigfríð Andradóttir, Lkl. Búðardals, kosin umdæmisstjóri, Bragi Ragnarsson, Lkl. Mosfellsbæjar, 1. vara umdæmisstjóri og Guðjón Andri Gylfason, Lkl. Hæng, 2. vara umdæmisstjóri. Björg Bára Halldórsdóttir, Lkl. Rán, Ólafsvík, var kosin fjölumdæmisstjóri og Ellert Eggertsson, fráfaraandi umdæmisstjóri 109A, Lkl. Hafnarfjarðar, var kosinn vara fjölumdæmisstjóri.

Alþjóðþing Lions í Las Vegas

Í júní héldum við stýrnarnar, eins og við köllum okkur, ásamt stórum hópi Íslendinga til Las Vegas á Alþjóðþing Lions. Við Sigfríð settumst á skólabeck ásamt 700 öðrum verðandi umdæmisstjórum víðsvegar að úr heiminum. Í bekknum okkar voru Lionsfélagar frá Evrópu og Bandaríkjunum sem við höfum haldið tengslum við síðan, marga hverja. Alþjóðþingið sjálft, var tilkomumikið og ógleymanleg sú stund þegar okkar kona, Guðrún Björt Yngvadóttir var kosin alþjóðaforseti Lions, fyrst kvenna - og fyrsti Íslendingurinn í 101 árs sögu hreyfingarinnar.

Umdæmisstjórn 109A

Umdæmisstjórn 109A, 2018-2019 er skipuð eftirtöldum félögum:

Geirþrúður Fanney Bogadóttir,	umdæmisstjóri	Lkl. Æsa
Jóhanna Thorsteinson,	1. vara umdæmisstjóri	Lkl. Eir
Jónas Yngvi Ásgrímsson,	2. vara umdæmisstjóri	Lkl. Dynkur
Kristín Þorfinnsdóttir,	umdæmisritari	Lkl. Embla
Jónas Yngvi Ásgrímsson,	umdæmisgjaldkeri	Lkl. Dynkur
Jóhann G. Gunnarsson,	svæðisstjóri sv. 1-2	Lkl. Múli
Ingólfur G. Einarsson,	svæðisstjóri sv. 3	Lkl. Hornafjarðar
Kristófer A. Tómasson,	svæðisstjóri sv. 4	Lkl. Geysir
Víðir Guðmundsson,	svæðisstjóri sv. 5	Lkl. Garður
Anna Nilsdóttir,	svæðisstjóri sv. 6	Lkl. Eik
Þóra Bjarney Guðmundsdóttir,	svæðisstjóri sv. 7	Lkl. Eir
Ingólfur Kristmundsson,	svæðisstjóri sv. 8	Lkl. Kópavogs
Þór Steinarsson,	svæðisstjóri sv. 9	Lkl. Fjörgyn
Eggert J. Levý	GLT Leiðtoga/fræðsluf.	Lkl. Fjörgyn
Jón Pálmason	GMT Félagafulltrúi	Lkl. Víðarr
Sesselja G. Sigurðardóttir	GMT Konur í Lions	Lkl. Kaldá
Edda Ruth Hlín Waage	GST Verkefnafulltrúi	Lkl. Seyla
Pálmi Hannesson	Ungmennaskiptafulltrúi	Lkl. Garður



Hörður Jónsson	Heilbrigðisfulltrúi	Lkl. Grindavíkur
Hafdís Friðriksdóttir	Menningarfulltrúi	Lkl. Æsa
Kristófer A. Tómasson	Kyningarfulltrúi	Lkl. Geysir
Kristín Þorfinnsdóttir	LCIF Alþjóðahj.sj.fulltr.	Lkl. Embla
Ingvar Viktorsson	Lions Quest fulltrúi	Lkl. Hafnarfjarðar
Íris Bettý Alfreðsdóttir	Medic Alert fulltrúi	Lkl. Keilir
Íris Bettý Alfreðsdóttir	Alþjóðasamskiptafulltr.	Lkl. Keilir
Björgúlfur Þorsteinsson	Netfulltrúi	Lkl. Hafnarfjarðar
Jórunn Guðmundsdóttir	Lestrarátaksfulltrúi	Lkl. Ýr
Helgi Guðmundsson	Umhverfisfulltrúi	Lkl. Geysir
Hólmfríður Þorvaldsdóttir	Ungmennafulltrúi	Lkl. Seyla

Heiðursráð er skipað síðustu 5 umdæmisstjórum:

Ellert Eggertsson	Heiðursráð 1	Lkl. Hafnarfjarðar
Gunnar Vilbergsson	Heiðursráð 2	Lkl. Grindavíkur
Jón Pálmason	Heiðursráð 3	Lkl. Víðarr
Einar Þórðarson	Heiðursráð 4	Lkl. Fjörgyn
Árni B. Hjaltason	Heiðursráð 5	Lkl. Njarðvíkur

Ég færi öllum þessum Lionsfélögum mínar bestu þakkar fyrir góð kynni og vel unnin störf.

Starfið í umdæmisstjórn

Við stýrnarnar, höfum haldið áfram því starfi sem forverar okkar, Ellert, Björn, og Jón byrjuðu á síðasta starfsári, að teymin í umdæmunum og fjölumdæminu vinni meira og betur saman. Í því felst líka að skila sameiginlegum skýrslum fyrir fundina. Okkur finnst þetta eðlilegra verklag enda hægt að vinna flest verkefni í umdæmunum með svipuðum hætti. Einnig höfum við sett saman fleiri en eitt teymi sem vinna í skyldum málaflokkum til að fá fleiri sjónarmið inn í umræðuna. Þetta hefur tekist vel, eflir félagsandann í umdæmisstjórnunum og virknin hefur aukist.

Haldnir hafa verið 3 umdæmisfundir á starfsárinu. Sá fyrsti var sameiginlegur fundur umdæma A, B og fjölumdæmis, haldinn 25. ágúst í Blindraheimilinu í Reykjavík. Við lögðum línurnar fyrir starfsárið, unnið var í hópavinnu, félagar í teyminum kynntust og settu sér markmið. Fundarmenn voru sammála um að gott væri að byrja starfið með þessum hætti. 2. umdæmisfundur starfsársins var haldinn 17. nóvember í sal Flugfélagsins Atlanta, Hlíðarsmára 3 í Kópavogi. Ég vil nota þetta tækifæri og þakka Ellerti Eggertssyni, fráfarandi umdæmisstjóra og vara fjölumdæmisstjóra, fyrir að útvega okkur þessa góðu fundaraðstöðu hjá Atlanta, endurgjaldslaust. Á sama tíma fundaði umdæmisstjórn 109B í Lionsheimilinu, Hlíðasmára 14, en að umdæmisfundunum loknum hófst sameiginlegur fundur umdæma og fjölumdæmis í Lionsheimilinu. Eftir skýrslu fjölumdæmisstjóra og stuttar samantektir frá umdæmisfundunum, hófst hópavinna hjá teyminum, sem auk sinna málaflokka ræddu um Rauða fjöður. Eins og kunnugt er var samþykkt á þinginu 2018 að söfnunarfé Rauðu fjaðrarinnar skuli renna til einhvers af kjarnaverkefnum Lionsshreyfingarinnar. Tillaga barst frá GST teyminu um að Rauð fjöður 2019 yrði helguð börnum / ungmennum sem greinst hafa með sykursýki. Miklar umræður urðu um söfnunina og þessa afmörkun á því fyrir hverju



skyldi safnað. Ákveðið var að leita til fagaðila og fá forgangsraðaðan lista yfir þau tæki/hluti sem vantar.

3. fundurinn var haldinn laugardaginn 23. febrúar og var hann með sama sniði og nóvemberfundurinn. Á fjölumdamisfundinn fengum við góða gesti, þau Sigurbjörgu Jónsdóttur og Ægi Þór Steinarsson, sem kynntu fyrir okkur smáforritið Retina Risk, sem er áhættureiknir fyrir sykursjúka. gerir sykursjúkum kleift að fylgjast með einstaklingsbundinni áhættu þeirra á að þróa með sér augnsjúkdóma sem geta leitt til sjónskerðingar og jafnvel blindu. Á fundinum voru kynntar tillögur til breytinga á lögum um Rauða fjöður, Hjálparsjóð Lionshreyfingarinnar á Íslandi og breytingu á reglum um Kjaransorðuna. Þessar tillögur verða allar bornar upp á Fjölumdamisþinginu 27. apríl.

Formannafundir

Við stýrurnar héldum formannafundi í Kópavogi og á Akureyri, dagana 13. og 14. október. Mæting var nokkuð góð og ágætar umræður.

Klúbbaheimsóknir og félagamál

Á þessu starfsári skiptum við umdamisstjórnarnir í 109A, klúbbaheimsóknum á milli okkar með þeim hætti að umdamisstjóri heimsótti svæði 1-2, 5, 6 og 9.

1. vara umdamisstjóri heimsótti svæði 3 og 4 og 2. vara umdamisstjóri heimsótti svæði 7 og 8. Klúbbaheimsóknir eru eitt af mikilvægustu verkefnum umdamisstjóra, - að hitta Lionsfélaga, hlusta á hvað þeir hafa að segja og koma á framfæri skilaboðum frá Alþjóðastjórn og yfirstjórn Lions á Íslandi. Flestir klúbbarnir sem ég hef heimsótt á þessu starfsári eru með góð verkefni og öflugt félagsstarf, en hvað varðar félagafjölda, er afar mismunandi staða. Margir klúbbar eru mjög vel settir, taka inn nýja féлага jafnt og þétt, en staðan hjá öðrum er ekki jafn góð.

Það hefur gengið upp og niður í félagamálunum það sem af er starfsárinu. Þann 1. júlí voru félagar í A-umdaminu 1247, við náðum svo fjöldanum upp fyrir 1250 en það fækkaði aftur og lægst fór talan í 1221. Þegar þetta er skrifað þá eru 1242 félagar skráðir. Karlar eru 79,87% en konur 20,13%. Okkur vantar því að fjölga konum um 10% til að ná hlutfallinu á heimsvísu. Þó skal tekið fram að í A-umdaminu starfar fjölmennur Lionessklúbbur en félagar í Lionessklúbbum eru ekki á skrá hjá alþjóðahreyfingunni og því ekki inni í þessum tölum. Í B-umdaminu eru karlar 62,17% féлага en konur 37,83%. Þar munar mikið um nýju klúbbdeildina „Sif“ sem Lkl. Vitaðsgjafi í Eyjafirði stofnaði í nóvember s.l. Glæsilegt hjá þeim Lionsfélögunum í Eyjafirði og óska ég þeim hjartanlega til hamingju.

En aftur suður yfir heiðar. Í haust var lögð mikil vinna í að reyna að blása lífi í Lkl. Þorlákshafnar, sem hefur verið í lægð um nokkurra ára skeið. Jón Pálmason, GMT-félagafulltrúi umdamisins, var í fararbroddi í þeirri vinnu, sem því miður bar ekki tilætlaðan árangur. Einnig hafa svæðisstjórar og formenn á höfuðborgarsvæðinu, undir stjórn Jóns GMT-félagafulltrúa, leitað leiða til að fjölga félögum og ég hef fulla trú á að það starf eigi eftir að skila árangri.

Allar stjórnir, allir Lionsfélagar, eru meðvitaðir um að fjölgun kemur ekki af sjálfu sér. Við verðum að muna eftir að bjóða gestum með okkur á fundi. Það er afar sjaldgæft að einhver banki upp á og óski eftir að fá að koma á Lionsfund – frumkvæðið þarf að koma frá okkur, Lionsfélögunum.



Ein hugmynd er að Lionsklúbbar haldi sérstaka kynningarfundu að hausti með markvissri eftirfylgni. Það gerði Lionsklúbburinn Víðarr í vetur og tók í kjölfarið inn 4 nýja félag. Ég vil líka nefna Lkl. Vestmannaeyja og Lkl. Dynk, - sem hvor um sig hafa bætt við 4 félögum. Lkl. Eden í Hveragerði er hástökkvari umdæmisins í félagafjölgun á þessu starfsári, en hjá þeim hefur fjölgað um fimm. Kristófer Tómasson, svæðisstjóri á svæði 4 og Jónas Yngvi Ásgrímsson, 2. varaumdæmisstjóri höfðu frumkvæði að kynningarfundu fyrir nýjan klubb á Flúðum, en það verkefni er rétt að fara af stað og verður gaman að fylgjast með því. Þau Jóhanna Thorsteinson, 1. vara umdæmisstjóri og Jón Pálmason, GMT- félagafulltrúi, fóru ásamt fleirum á fund með heimamönnum á Kirkjubæjarklaustri og binda menn vonir við að hægt verði að snúa vörn í sókn á því svæði. Lkl. Eskifjarðar, með Ásbjörn Guðjónsson, formann í fararbroddi, er í átaki til að fjölga í klúbbnum og eru þeir vongóðir um að ná inn nokkrum félögum í haust.

Það er engin leið réttari en önnur í þessum málum frekar en öðrum, en ljóst að þeir fiska sem róa.

Afmæli klúbba

Eftirtaldir klúbbar í umdæmi 109A eiga stórafmæli á starfsárinu:

Lkl. Kópavogs	60 ára	stofnaður 1959
Lkl. Vestmannaeyja	45 ára	stofnaður 1974
Lkl. Seltjarnarness	35 ára	stofnaður 1983
Lkl. Geysir	35 ára	stofnaður 1984
Lkl. Embla	30 ára	stofnaður 1989

Svæðisstjórar

Markmið okkar er að 1. júlí, ár hvert, sé búið að skipa vara svæðisstjóra, sem jafnframt starfi með svæðisstjóra sem svæðisritari. Þetta fyrirkomulag er til mikilla bóta og ég hvet viðtakandi svæðisstjóra til að bíða ekki langt fram á vorið með að fá varasvæðisstjóra fyrir næsta starfsár. Það gekk betur á þessu starfsári heldur en því síðasta í þessum efnunum og eins og við vitum þá skapar æfingin meistaran!

Rekstur hreyfingarinnar

Við höfum leitast við að gæta aðhalds í fjármálum, eins og undanfarin umdæmisstjóraráð hafa gert. Einn liðurinn í þeim efnunum er að minnka kostnað við Lionsblaðið. Við könnun kom í ljós að flestir Lionsfélagar vilja lesa blaðið rafrænt, en þeir sem vilja fá prentað blað heimsent munu greiða fyrir það sjálfir. Þetta sparar hreyfingunni talsverða fjármuni og stuðlar að umhverfisvernd. Þessi breyting tekur gildi frá og með næsta starfsári.

Kostnaður vegna umdæmis- og fjölumdæmisfunda hefur lækkað mikið eftir að farið var að halda fundina í Lionsheimilinu og ódýrari söllum eða ókeypiss út í bæ. Við höfum leitað leiða til að draga úr kostnaði við þinghald. Það er staðreynd að margir klúbbar senda ekki fulltrúa á þing og segja það m.a. vera vegna kostnaðar. Við ákváðum því að gera tilraun með að stytta skólana, hefja kennslu kl. 12 á föstudegi í stað þess að byrja að morgni og spara þar með eina gistinótt fyrir þá sem koma lengra að. Við höfum verið að velta við fleiri steinum hafandi í huga að margt smátt gerir eitt stórt og vitum að viðtakandi umdæmisstjóraráð heldur áfram því starfi. Breytingar á Lionsheimilinu okkar í Hlíðasmára hafa verið í umræðunni og styttest vonandi í að niðurstaða fái í það mál. Það er nauðsynlegt að ráðast í talsverðar



framkvæmdir til að húsnaðið nýtist sem best og að þeim loknum ætti að vera hægt að fá inn töluverðar tekjur vegna útleigu.

New Voices

Þegar Guðrún tók við sem 2. varaforseti, þá hafði hún ekki hugsað sér að tala sérstaklega um hlut kvenna í Lions. En eftir því sem hún fékk oftar spurningar varðandi stöðu kvenna í hreyfingunni og hvað hún ætlaði að gera til að rétt hlut kvenna, hugsaði hún með sér, ef ekki ég núna, hver þá, hvenær?

Þannig varð til hugmyndin að „New Voices“. Að beina kastljósinu að konum sem unnið hefðu framúrskarandi störf undir merkjum Lions í þjónustu, leiðtoga- og fræðslumálum, félagamálum og kynningarmálum. Þar með myndu nýjar raddir heyrast, sem yrðu um leið hvatning fyrir aðrar konur að ganga til liðs við Lions. Nýjar raddir eru konur og karlar, sem láta sögur kvenna heyrast, segja sögur kvenna. Kynning á „Nýjum röddum“ stuðlar að jafnrétti, hvetur klúbba til að fjölga kvenkyns félögum (taka inn nýja féлага og koma í veg fyrir brottfall þeirra sem fyrir eru) og hjálpa til við að brúa bilið milli karla og kvenna í forystuhlutverkum.

Umdæmisstjórar voru beðnir um að tilnefna einn fulltrúa í hverjum flokki.

New Voices fulltrúar 109A voru kynntir á umdæmisstjórnarfundi 17. nóvember 2018:

Hafdís Friðriksdóttir, Lkl. Æsu, fyrir service/verkefni: Hafdís hefur haft forystu í klúbbnum sínum, í að innleiða nýtt verkefni, sem er blómasala. Hún hefur haldið utan um verkefnið, bæði inn á við og út á við, með einstaklega vönduðum hætti og laðað í leiðinni það besta fram í klúbbfélögum, sem nú eru flestir orðnir hæfilega miklir sérfræðingar í blómafræðum.

Kristín Þorfinnsdóttir, Lkl. Emblu, fyrir marketing/kynningarmál: Kristín hefur í áraraðir verið óþreytandi við að kynna Lionshreyfinguna, innan hennar og utan í ræðu og riti. Á þessu ári er það afmælisbarnið, Alþjóðahjálparsjóðurinn okkar sem helst nýtur góðs af dugnaði hennar.

Jóhanna Thorsteinson, Lkl. Eir, fyrir leadership/leiðtogamál: Jóhanna hefur verið í fararbroddi í þeirri vinnu að endurreisa Lkl. Eir og henni tókst, með mikilli eljusemi að gera klúbbinn vel starfhæfan á ný.

Ólöf Ingibergsdóttir, Lkl. Eden, í Hveragerði, fyrir membership/félagamál:

Það er mikill kraftur í Ólöfu og viðbrögð hennar s.l. sumar þegar í ljós kom að umdæmið okkar væri ekki fullgilt, eru lýsandi fyrir eldmóð hennar. Það er gaman að segja frá því að Ólöf komst í undanúrslit í New Voices „alheimskeppninni“. Skemmtilegt og vel gert hjá Ólöfu.

Ungmennaskipti

Að þessu sinni voru ungmennabúðirnar í B-umdæminu en nokkur ungmenni dvöldu í heimagistingu hjá Lionsfélögum í A-umdæminu. Það er gaman og gefandi að taka þátt í ungmennaskiptum Lions, hvort sem um er að ræða starfið í kringum ungmennabúðirnar eða heimagistinguna og ég hvet alla til að taka þátt í þessu fallega starfi.



Orkester Norden

Það var sannarlega ánægjulegt að Orkester Norden, þessi frábæra hljómsveit okkar, skyldi koma hingað til lands og halda tónleika fyrir fullu húsi í Hörpu í ágúst s.l. Með hljómsveitinni léku að þessu sinni 4 íslenskir, ungir hljóðfæraleikarar og við áttum líka einleikarann, sem var enginn annar en píanóleikarinn, Víkingur Heiðar Ólafsson. Ég hvet alla Lionsklúbba til að styðja við starf Orkester Norden, það er þess virði.

Lestraráttak

Í september og fram í október heimsóttu Lionsfélagar alla leikskóla landsins og færðu þeim lestrarhvetjandi efni að gjöf. Skemmtilegt verkefni sem Lestrarteymið okkar hafði undirbúið með miklum myndarbrag í samvinnu við Menntamálastofnun.

Gleraugnasöfnun - sjónvernd

Október er mánuður sjónverndar og fjölmargir Lionsfélagar settu upp betri gleraugun og hófu leit í skúffum og skápum að notuðum gleraugum sem þjónuðu ekki lengur eigendum sínum en gætu komið að notum hjá nýjum eigendum. Verkefnið gekk vonum frammar en alls söfnuðust tæplega 10.000 gleraugu. GST teymið fékk Ingólf Kristmundsson, svæðisstjóra og féлага hans í Lionsklúbbi Kópavogs til að ganga frá gleraugunum til flutnings og fá tilboð í frakt. Ég vil færa þeim bestu þakkir fyrir vel unnið verk. Einnig fær Gleraugnaheildsalan Echo ehf., þakkir fyrir að leggja okkur lið, en heildsalan gaf í söfnunina umtalsvert magn af nýjum gleraugum.

Á sjónverndardaginn 11. október, stóðu Lions og Blindrafélagið fyrir dagskrá í sal Blindrafélagsins. Þar var m.a. flutt áhugavert erindi um aldurstengda hrörnun í sjónbotnum.

Sykursýkisvarnir

Nóvember er mánuður sykursýkisvarna og það er gleðiefni að æ fleiri klúbbar taka þátt í blóðsykursmælingum. Heilbrigðisteymið heldur utan um þetta verkefni á landsvísu og hefur unnið feikigott starf.

Rauð fjöður 2019

Eins og áður hefur komið fram fór landssöfnun Lions, Rauð fjöður, fram dagana 5.- 7. apríl s.l. en opið var í innhringinúmer til 15. apríl. Vonast er til að hægt verði að greina frá niðurstöðu söfnunarinnar á Fjöllumdæmisþinginu, 27. apríl. Afrakstri Rauðu fjaðrar söfnunarinnar 2019 verður varið til kaupa á tveimur Augnbotnamyndavélum OCT (optical coherence tomography), sem er tæki til myndgreiningar á augnbotnum, sjónhimnu og sjóntaugum. OCT þykir í dag og er til framtíðar nauðsynlegt tæki við eftirlit á t.d. hrörnun í augnbotnum sem er algengasti augnsjúðmurinn meðal eldra fólks. Tækið nýtist einnig fyrir aðra hrörnunarsjúkdóma í augum. Breytingar á augnbotnum er einn fylgífiska sykursýki en tengsl eru milli sykursýki og blindu.

Retina Risk

Lionshreyfingin á Íslandi hefur ákveðið að ganga til samstarfs við fyrirtækið Retina Risk, sem framleiðir smáforritið Retina Risk, en það gerir sykursjúkum kleift að fylgjast með einstaklingsbundinni áhættu þeirra á að þróa með sér augnsjúkdóma sem geta leitt til sjónskerðingar og jafnvel blindu. Lionsfélagar á Íslandi munu kynna smáforritið, maður á mann, t.d. í tengslum við blóðsykursmælingarnar og önnur tækifæri sem gefast. Fyrsta skrefið



er að Lionsfélagar kynni sér hvaða möguleika forritið býður upp á og síðan er ætlunin að hefjast handa við kynningar út á við, frá og með næsta hausti.

Góugleði

Þann 8. mars síðastliðinn var haldin Góugleði Lionskvenna og gesta þeirra í Haukahúsinu. Um undirbúning sáú GMT-konur í Lions ásamt New Voices fulltrúunum okkar. Það var ekki eins fjölmennt og undanfarin ár en við sem mættum áttum saman góða kvöldstund undir styrkri stjórn veislustjórans Þórunnar Lárusdóttur söng- og leikkonu. Rakel Pálsdóttir söngkona flutti nokkur lög við mikla hrifningu og Lionsbandið hélt uppi stuði og það var dansað og sungið. Fyrir norðan „heyrðust raddir“ Lionskvenna, þeirra Önnu Blöndal og Önnu S. Halldórsdóttur, í velheppnuðu sjónvarpsviðtali hjá N4.

Heimsókn alþjóðaforseta

Alþjóðaforseti, Guðrún Björt Yngvadóttir, kom til landsins í opinbera heimsókn 28. – 30. nóvember. Dagskráin var tvíþætt, annars vegar hér á höfuðborgarsvæðinu og hins vegar norðan heiða, í Eyjafirði. Allt gekk að óskum hér fyrir sunnan en svo skall á stórhríð og það varð með öllu, ófært norður. Því varð að fresta þeim hluta heimsóknarinnar en nú hefur verið ákveðið að Guðrún Björt haldi norður, 17. apríl og ljúki þar með opinberri heimsókn hér á heimaslóðum.

Eins og hefð er fyrir, veitti alþjóðaforseti viðurkenningar fyrir vel unnin störf.

International President's Award fyrir sína miklu vinnu fyrir Guðrúnu Björt Yngvadóttur, á Alþjóðþinginu í Las Vegas sumarið 2018 fengu:

- [Jón Pálmason, Lkl. Víðarri](#)
- [Kristín Þorfinnsdóttir, Lkl. Emblu](#)

International President's Award fyrir áratuga farsælt Lionsstarf:

- [Jórunn Guðmundsdóttir, Lkl. Ýr](#)

Certificate of Appreciation fengu:

- [Einar Bjarnason, Lkl. Grindavíkur.](#)

Einstaklega kraftmikill félagi. Ávallt í fararbroddi við verkefnavinnu innan klúbbsins, einnig samvinnuverkefnum klúbba á svæðinu, nú síðast við undirbúning Lionsþings 2018.

- [Kristjana Björg Júlíusdóttir, Lionsklúbbum Emblu](#)

Framtakssöm, hugmyndarík, harðdugleg. Mjög öflugur félagi í sínum klúbbi.

- [Jóhannes Eggertsson, Lionsklúbbum Dynki](#)

Einn af lykilmönnum við stofnun Lkl. Dynks og fyrsti formaður klúbbsins. Hefur unnið ótúllega að Lionsmálum og m.a. gegnt starfi svæðisstjóra.

- [Magnús Aadnegard, Lkl. Hafnarfjarðar](#)

Fyrir einstaklega ötult starf í fjáröflun fyrir verkefnasjóð klúbbsins.

- [Thelma Rós Kristinsdóttir, Lkl. Eden, Hveragerði](#)

Traustur félagi sem hefur unnið framúrskarandi vel í sínum klúbbi m.a. verið meðmælandi margra nýrra félaga.



District Governor's Appreciation Award fékk:

- Inga Lóa Steinarsdóttir, Lionessklúbbi Keflavíkur

Fyrir Lionsstörf á svæði 5, nú síðast í tengslum við Lionsþing 2018. Ósérhlífin, einstaklega drífandi og skipulögð.

Brons viðurkenningar LCIF, fyrir framgöngu sína í að safna fé hjá Lionsfélögum og klúbbum á síðasta starfsári fengu:

- Ellert Eggertsson, Lkl. Hafnarfjarðar
- Jón Pálmason, Lkl. Víðarri
- Kristín Þorfinnsdóttir, Lkl. Emblu

Alþjóðastjórnarfundur

Það er hefð fyrir því að einn af fjórum fundum Alþjóðastjórnar Lions, á hverju starfsári, sé haldinn í heimalandi forseta ef hægt er. Því var fundur Alþjóðastjórnar Lionshreyfingarinnar haldinn í Reykjavík, 3. – 6. apríl s.l. Það er gríðarleg vinna að undirbúa viðburð af þessu tagi og í mörg horn að líta, en með samstilltu átaki gekk allt að óskum. Ég vil þakka þeim fjölmörgu sem lögðu þessu einstaka verkefni lið og ég veit að gestirnir okkar héldu af landi brott með fallegar minningar.

Veittar voru viðurkenningar fyrir störf vegna fundar Alþjóðastjórnar Lions.

Certificate of Appreciation fengu:

- Lkl. Garður
- Lkl. Hafnarfjarðar
- Lkl. Hveragerðis
- Lkl. Kolgríma
- Lkl. Njörður
- Lkl. Sandgerðis
- Lkl. Æsa

International Leadership Award fengu:

- Halldór Runólfsson, Lkl. Fjörgyn
- Magnús Baldursson, Lkl. Hafnarfjarðar
- Pálmi Hanneson, Lkl. Garði
- Hörður Sigurjónsson, Lkl. Nirði

International President's Award fékk:

- Daníel Þórarinsson, Lkl. Nirði

Alþjóðahjálparsjóður Lions, LCIF

Eitt af þeim markmiðum sem ég setti mér í upphafi starfsársins var að allir klúbbarnir í umdæminu styrktu Alþjóðahjálparsjóðinn, LCIF. Til að minna Lionsfélaga á þennan mikilvæga hlekk í okkar alþjóðlegu keðju, óskaði ég eftir framlögum til sjóðsins í klúbbaheimsóknum mínum og það vara umdæmisstjórnara að gera slíkt hið sama. Ég lét „poka“ ganga á fundunum



og allsstaðar var honum tekið með brosi á vör – og þó það nú væri! Það er afmælisbarn ársins, hinn 50 ára LCIF, sem nýtur góðs af pokapeningunum. Ég hvet þá klúbba sem enn eiga eftir að styrkja LCIF að geyma það ekki til morguns. Munum að margt smátt gerir eitt stórt. Ég vil líka hvetja Lionsfélaga til að styrkja sjóðinn persónulega. Það er t.d. hægt að vera áskrifandi, láta draga ákveðna upphæð mánaðarlega af kortinu, eða leggja sjálfur inn á reikning LCIF.

NSR

Norðurlandþing Lions var haldið í Noregi í janúar. Við stýrurnar sóttum þingið, ásamt vara-mönnum okkar, Ellerti, Jóhönnu og Braga, en einnig sátu þingið, Kristinn Hannesson, fulltrúi í Alþjóðastjórn Lions og Jón Pálmason, fulltrúi okkar í samstarfsnefnd Norðurlanda. Auk hefðbundinna þingstarfa var farið yfir þau verkefni sem Norðurlöndin vinna sameiginlega, en ástæða þess að svo margir sóttu þingið af okkar hálfu, var að þarna var vinnustofa um framtíð NSR. Sú umræða var mjög gagnleg og komu fram margar góðar tillögur, m.a. varðandi sameiginlega heimasíðu.

MyLion

27. mars síðastliðinn urðu tímamót í sögu skráninga hjá Lionsklúbbum þegar MyLion var gert að einu innskráningarsíðunni fyrir allar gáttir Lions International. Af þeirri ástæðu þurfa allir Lionsfélagar að virkja aðgang sinn á <https://app.mylion.org/> MyLCI verður áfram virk síða en eftir 27. mars þurfa allir að skrá sig inn í gegnum MyLion til að komast þar inn.

Námskeið

Það er ómetanlegt að við skulum geta boðið félögum okkar upp á jafn fjölbreytt og vönduð námskeið og raun ber vitni. Ég hvet alla Lionsfélaga til að nýta sér þá fræðslu sem GLT-teymið býður upp á. Þar er Leiðtogaskólinn í broddi fylkingar, frábært tækifæri fyrir alla áhugasama félaga.

Lokaorð

Ég vil þakka Lionsfélögum öllum, fyrir góða samvinnu og óska ykkur til hamingju með frábært starf. Ég þakka embættismönnum í umdæmisstjórninni fyrir einstaklega gott samstarf og þá sérstaklega vara umdæmisstjórunum mínum, Jóhönnu og Jónasi Yngva, Kristínu umdæmisritara og Jóni GMT-fulltrúa. Kolfinna og Magnea, starfsmenn á Lionsskrifstofunni, fá bestu þakkir fyrir aðstoð og samstarf á liðnum árum.

Kæru stýrur, Björg Bára, fjölumdæmisstjóri 109 og Sigfríð umdæmisstjóri 109B. Það er nú meiri gæfan að hafa fengið að vera samskipa ykkur á þessari siglingu - með Guðrúnu Björt, flotta alþjóðaforsetann okkar, fram í stefni að vísa leiðina. Hjartans þakkir fyrir einstakt samstarf og allar góðu stundirnar. Eiginmenn okkar, Haraldur Árni, Þorkell og Sigurjón fá einlægur þakkir fyrir hvatningu og ómetanlegan stuðning.

Kæru Lionsfélagar. Framtíðin byrjar í dag og það er bjart yfir starfi Lions.

„Við leggjum lið“

Geirprúður Fanney Bogadóttir

Umdæmisstjóri 109A